

VG Fornleifarannsóknir

Fornleifaskráning í landi Þorlákshafnar 2021

Vettvangsskráning og söguágrip.



Hermann Jakob Hjartarson og Vala Garðarsdóttir

Forsíðumynd er af Prestsvörðu [45]. (Ljósmynd: Hermann Jakob Hjartarson)

© Hermann Jakob Hjartarson og Vala Garðarsdóttir. VG Fornleifarannsóknir.

Unnið fyrir Sveitarfélagið Ölfus 2021

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Fornleifaskráning.....	3
Fyrri rannsóknir.....	6
Fornleifar.....	6
Þorlákshafnarbærinn [35].....	11
Kirkja og kirkjugarður [33].....	13
Verslun.....	14
Hjáleigur – Tómhús.....	14
Útihús - skeppnuhús.....	16
Túngarðar.....	17
Vatnsból.....	18
Matjurtagarðar.....	18
Sjósókn.....	19
Samgönguminjar.....	21
Landamerki.....	22
Aðrar minjar.....	23
Fornleifar sem skráðar hafa verið áður.....	23
Niðurstöður.....	24
Fornleifaskrá.....	25
Heimildaskrá.....	152

Inngangur.

Að beiðni sveitarfélagsins Ölfus tóku Hermann Jakob Hjartarson og Vala Garðarsdóttir fornleifafræðingar hjá VG fornleifarannsóknnum að sér að skrá fornleifar vegna deiliskipulags (sjá kort 1) í Þorlákshöfn. Skráningarsvæðið nær yfir allt þéttbýli í Þorlákshöfn auk svæðisins í kring, alls um 32 ferkílómetrar. Fornleifaskráningin fól í sér athugun á heimildum, vettvangsskráningu og úrvinnslu. Farið var eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands við skráninguna. Á vettvang fór Hermann Jakob Hjartarson, Hermann og Vala sáu um heimildarvinnu og skýrslugerð. Ljósmyndir voru teknar af Hermanni, nema annað sé tekið fram. Um kortagerð sá Hermann nema að annað sé tekið fram. Farið var í vettvangsferð 27. apríl, 30. apríl, 4. maí, 7. maí, 31. maí, og 2. júní 2021. Veður var oftast gott, bjart og stillt. Tengiliður við Sveitarfélagið Ölfus var Gunnlaugur Jónasson skipulagsfulltrúi. Öllum sem veittu upplýsingar er þakkað fyrir.



Kort 1. Skráningarsvæðið, kortagerð: Gunnlaugur Jónsson, Sveitarfélagið Ölfus.

Fornleifaskráning

Allar fornleifar njóta friðunar og verndunar samkvæmt menningarminjalögum, í 3. grein laganna segir: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngrípir og hins vegar fornleifar.

Forngrípir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngrípa. Til forngrípa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhusa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Fornmínjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. (Lög um menningarminjar 2012, 3. gr.)

Jafnframt segir í 21 grein laganna: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðmínjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.

Friðlýstum fornleifum skal viðhaldið á kostnað ríkisins. Minjastofnun Íslands ber ábyrgð á friðlýstum fornleifum og semur verk- og fjárhagsáætlun um viðhald þeirra. (Lög um menningarminjar 2012, 21. gr.)

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Umhverfis friðaðar fornleifar er 15 metra friðhelgi nema annað sé ákveðið (Lög um menningarminjar 2012, 22. gr).

Fyrri rannsóknir

Svæðið var skráð af Hildi Gestsdóttur árið 1999 vegna aðalskipulags,¹ þá voru 46 minjar skráðar, þær minjar eru einnig skráðar í þessari skýrslu. Vegna þess að staðlar og kröfur Minjastofnunar Íslands hafa breyst þurfti að skrá svæðið aftur. Árið 2008 var hluti svæðisins uppmælt af Birnu Lárusdóttur, Garðari Guðmundssyni og Oscar Aldred, í þeim tilgangi að gera þrívíddarmódel af minjunum.² Uggi Ævarsson skráði Hafnarsand árið 2007 vegna þá fyrirhugaðra framkvæmda.³ Ragnheiður Gló Gylfadóttir gerði deiliskráningu vegna fyrirhugaðrar kísilverksmiðju á Hafnarsandi árið 2010.⁴ Árið 2019 gerði Gylfi Helgason fornleifaúttekt á tveimur svæðum innan þéttbýlisins⁵ auk þess sem hann gerði greinargerð vegna fornleifaúttektar innan deiliskipulagsreits Landeldis.⁶ Bjarni F. Einarsson tók einnig út lítinn hluta svæðisins vegna lagningu ljósleiðara frá Þorlákshöfn til Selfoss.⁷

Fornleifar

Alls voru skráðar 125 fornleifar/minjar í vettvangsferðunum. Afrakstur fornleifaskráningarinnar má sjá í töflunni hér að neðan auk meðfylgjandi fornleifaskráar og loftmynda sem sýna staðsetningu fornleifanna.

Tafla 1. Skráðar fornleifar í og við Þorlákshöfn.

Nr.	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Aldur frá	Aldur til	Friðlýst	Ástand
1		Varða	Leið	1750	1950	Nei	Velgreinanleg
2		Heimild	Býli	1500	1820	Nei	Horfin
3		Varða	Leið	1750	1950	Nei	Velgreinanleg
4		Varða	Leið	1800	2000	Nei	Velgreinanleg
5		Garðlag	Gerði	1750	1950	Nei	Greinanleg
6		Garðlag	Gerði	1750	1950	Nei	Greinanleg
7		Niðurgröftur	Óþekkt	1750	2000	Nei	Velgreinanleg
8		Varða	Leið	1750	2000	Nei	Velgreinanleg
9		Varða	Leið	1750	2000	Nei	Velgreinanleg
10		Niðurgröftur-hleðsla	Brunnur	1500	1900	Nei	Velgreinanleg
11		Heimild	Flór	1750	1950	Nei	Horfin
12	Hraunbúðir	Tóft	Sjóbúð	1500	1900	Nei	Velgreinanleg

¹ Hildur Gestsdóttir, 1999.

² Birna Lárusdóttir, Garðar Guðmundsson og Oscar Aldred, 2008

³ Uggi Ævarsson, 2007

⁴ Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2010

⁵ Gylfi Helgason, 2019 (I)

⁶ Gylfi Helgason 2019 (II)

⁷ Bjarni F. Einarsson 2013

13	Hraunbúðir	Tóft	Smiðja	1500	1900	Nei	Velgreinanleg
14	Hraunbúðir	Tóft	Beitarkofi	1500	1900	Nei	Velgreinanleg
15		Garðlag	Túngarður	1500	1900	Nei	Velgreinanleg
16	Siggubær	Tóft	Bæjarhóll	1500	1900	Nei	Velgreinanleg
17		Garðlag	Túngarður	1500	1900	Nei	Greinanleg
18	Ingiríðarbær	Tóft	Bæjarhóll	1500	1900	Nei	Greinanleg
19		Tóft	Útihús	1500	1900	Nei	Greinanleg
20		Tóft	Útihús	1500	1900	Nei	Illgreinanleg
21	Helgubær	Tóft	Bæjarhóll	1500	1920	Nei	Illgreinanleg
22		Garðlag	Matjurtagarður	1500	1900	Nei	Illgreinanleg
23	Hafnarvarða	Heimild	Varða	1500	1882	Nei	Sést ekki
24		Jarðræktarsvæði	Matjurtagarður	1800	1950	Nei	Greinanleg
25		Tóft	Útihús	1750	1900	Nei	Velgreinanleg
26		Niðurgröftur	Óþekkt	1750	1900	Nei	Velgreinanleg
27		Garðlag	Matjurtagarður	1850	1950	Nei	Greinanleg
28		Garðlag	Matjurtagarður	1850	1950	Nei	Illgreinanleg
29		Garðlag	Traðir	1750	1900	Nei	Greinanleg
30		Garðlag	Túngarður	1750	1900	Nei	Greinanleg
31		Garðlag	Matjurtagarður	1750	1900	Nei	Greinanleg
32	Miðmundarbyrgi	Heimild	Fiskibyrgi	1750	1900	Nei	Sést ekki
33	Kirkjureitur	Heimild	Kirkja/kirkjugarður	1200	1750	Nei	Sést ekki
34		Tóft	Óþekkt	1800	1950	Nei	Velgreinanleg
35	Þorlákshöfn	Heimild	Býli	1880	1962	Nei	Sést ekki
36		Heimild	Skemma	1750	1850	Nei	Sést ekki
37	Erlendarkot	Heimild	Býli	1880	1962	Nei	Horfið
38	Hlíðarendavarða	Varða	Leið	1750	1900	Nei	Velgreinanleg
39		Þúst		1750	1900	Nei	Illgreinanleg
40	Langbásvarða	Varða	Leið	1750	1900	Nei	Velgreinanleg
41	Þrívörður	Varða	Leið	1750	1900	Nei	Sést ekki
42	Smalavarða	Varða	Leið	1750	1900	Nei	Sést ekki
43		Tóft	Óþekkt	1750	1900	Nei	Illgreinanleg
44		Garðlag	Óþekkt	1750	1900	Nei	Illgreinanleg
45	Prestvarða	Varða	Leið	1750	1900	Nei	Velgreinanleg
46		Varða	Leið	1750	1900	Nei	Velgreinanleg
47		Varða	Leið	1750	1900	Nei	Velgreinanleg
48	Skeiðsvarða	Heimild	Varða	1750	1900	Nei	Sést Ekki
49	Hjallbúðir	Heimild	Sjóbúðir	1750	1930	Nei	Horfin
50		Heimild	Útihús	1750	1900	Nei	Horfið
51		Heimild	Útihús	1750	1900	Nei	Horfið
52		Heimild	Útihús	1750	1900	Nei	Horfið
53		Heimild	Útihús	1750	1900	Nei	Horfið
54		Heimild	Útihús	1750	1900	Nei	Horfið
55		Heimild	Sjóbúðir	1750	1900	Nei	Horfið

56		Heimild	Brunnur	1750	1900	Nei	Horfið
57		Heimild	Matjurtagarður	1750	1900	Nei	Horfið
58	Fjósabrunnur	Heimild	Brunnur	1750	1900	Nei	Horfið
59		Heimild	Sjóbúðir	1750	1900	Nei	Horfið
60	Sigurðarhús/Rass	Heimild	Hjáleiga	1500	1820	Nei	Horfið
61	Þorkellshús/Rauf	Heimild	Hjáleiga	1500	1820	Nei	Horfið
62		Heimild	Hjáleiga	1500	1708	Nei	Horfið
63		Heimild	Hjáleiga	1500	1820	Nei	Horfið
64		Heimild	Hjáleiga	1500	1820	Nei	Horfið
65		Heimild	Hjáleiga	1500	1820	Nei	Horfið
66	Suðurvör	Heimild	Lending	1750	1900	Nei	Horfin
67	Noðurvör	Heimild	Lending	1750	1900	Nei	Horfin
68	Þorláksvör	Heimild	Lending	1750	1900	Nei	Horfin
69	Sótaleiði	Heimild	Hestagröf	1860	1912	Nei	Horfin
70		Heimild	Verslunarhús	1885	1930	Nei	Horfið
71	Gata að Hlíðarenda	Gata	Leið	1500	1950	Nei	Sést ekki
72	Gata að Hrauni	Gata	Leið	1500	1950	Nei	Sést ekki
73	Selvogsgata	Gata	Leið	1500	1950	Nei	Sést ekki
74	Hafnargata	Gata	Leið	1500	1950	Nei	Sést ekki
75	Lýngheiðarvegur	Gata	Leið	1500	1950	Nei	Sést ekki
76	Suðurvarnarflór	Heimild	Flór	1750	1950	Nei	Horfið
77		Varða	Leið	1750	1900	Nei	Illgreinanleg
78		Varða	Leið	1750	1900	Nei	Greinanleg
79		Varða	Leið	1750	1900	Nei	Illgreinanleg
80		Varða	Leið	1750	1900	Nei	Velgreinanleg
81		Varða	Leið	1750	1900	Nei	Velgreinanleg
82		Varða	Leið	1750	1900	Nei	Velgreinanleg
83		Varða	Leið	1750	1900	Nei	Greinanleg
84		Varða	Leið	1750	1900	Nei	Greinanleg
85		Varða	Leið	1750	1900	Nei	Illgreinanleg
86		Varða	Leið	1750	2000	Nei	Greinanleg
87		Varða	Leið	1750	2000	Nei	Greinanleg
88		Varða	Leið	1750	2000	Nei	Greinanleg
89		Varða	Leið	1750	2000	Nei	Greinanleg
90		Varða	Leið	1750	2000	Nei	Greinanleg
91		Varða	Leið	1750	2000	Nei	Greinanleg
92		Varða	Leið	1750	2000	Nei	Greinanleg
93		Varða	Leið	1750	1900	Nei	Greinanleg
94		Varða	Leið	1750	1900	Nei	Velgreinanleg
95		Varða	Leið	1750	1900	Nei	Velgreinanleg
96		Varða	Leið	1750	1900	Nei	Velgreinanleg
97		Varða	Leið	1750	1900	Nei	Velgreinanleg
98		Varða	Leið	1750	1900	Nei	Velgreinanleg
99		Varða	Leið	1750	1900	Nei	Velgreinanleg

100		Varða	Leið	1750	1900	Nei	Velgreinanleg
101		Hleðsla	Óþekkt	1750	1900	Nei	Greinanleg
102		Varða	Leið	1750	1900	Nei	Greinanleg
103		Varða	Leið	1750	1900	Nei	Velgreinanleg
104		Varða	Leið	1750	1900	Nei	Greinanleg
105		Varða	Leið	1750	1900	Nei	Velgreinanleg
106		Varða	Leið	1750	1900	Nei	Velgreinanleg
107		Varða	Leið	1750	1900	Nei	Velgreinanleg
108		Varða	Leið	1750	1900	Nei	Velgreinanleg
109		Varða	Leið	1750	1900	Nei	Velgreinanleg
110		Varða	Leið	1750	1900	Nei	Velgreinanleg
111		Varða	Leið	1750	1900	Nei	Velgreinanleg
112		Garðlag	Landamerki	1750	1900	Nei	Illgreinanleg
113		Varða	Óþekkt	1750	1900	Nei	Greinanleg
114		Varða	Leið	1750	1900	Nei	Velgreinanleg
115		Varða	Leið	1750	2000	Nei	Greinanleg
116		Varða	Leið	1750	2000	Nei	Greinanleg
117		Varða	Leið	1750	1900	Nei	Greinanleg
118		Varða	Leið	1750	1900	Nei	Velgreinanleg
119		Varða	Leið	1750	1900	Nei	Greinanleg
120		Varða	Leið	1750	1950	Nei	Greinanleg
121		Varða	Leið	1750	1950	Nei	Greinanleg
122		Varða	Leið	1750	1950	Nei	Greinanleg
123		Varða	Leið	1750	1900	Nei	Velgreinanleg
124		Varða	Leið	1750	1900	Nei	Illgreinanleg
125	Þrívörður	Heimild	Landamerki	1750	1900	Nei	Horfín



Kort 3. Fornleifar í og við þéttbýlið

Þorlákshafnarbærinn [35]

Talið er að staðurinn hafi upphaflega heitið Elliðahöfn, en var svo seinna nefndur Þorlákshöfn eftir Þorláki biskupi helga. Sagan segir að hann hafi stigið þar á land þegar hann kom frá biskupsvígslu árið 1178 og því heiti staðurinn Þorlákshöfn. Önnur sögn er um að eigandi jarðarinnar hafi heitið á Þorlák þegar hann lenti í sjávarháská og gefið Skálholti jörðina. Elstu heimildir um jörðina er frá því um 1400, en þá var Skálholt orðinn eigandi jarðarinnar. Þorlákshöfn hefur alla tíð verið ákjósanlegur til fiskveiða, en landingar voru og eru mjög góðar ef miðað er við sveitina í kring auk þess sem skammt er í farsæl fiskimið.⁸

Í Jarðabók Árna og Páls er sagt frá bænum eins og hann var í byrjun átjándu aldar, þar er jarðardýrleiki sagður óviss því að jörðin tíundaðist engum. Þó var talið að dýrleikinn væri 60 hundruð.⁹

⁸ Skúli Helgason (I), 1988 og Björn Pálsson 2015

⁹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Víðalín, annað bindi, bls. 433


Í Sýslu- og sóknarlýsingu frá 1840 er Þorlákshöfn lýst svo:

„Þorlákshöfn, gömul stólaeign, næsti bær við og með sjó vestan Ölfusá; þar er trjáreki, sölvatekja, útigangur á sandi og fjöru fyrir sauðfénað, fiskiver, en heyskapsskortur. Þar eru 2 saltfiskstökutimburhús frá Eyrarbakka og Hafnarfirði“.¹⁰

Í örnefnaskrá segir um bæinn: „Um miðja vegg milli Skötubótar og Hafnarness stóð Þorlákshafnarbærinn uppi á allháum sjógarði eða uppfyllingu, sem hét Sjógarður, og snéri stöfnum mót suðri. Í bæjarröðinni voru allmörg hús, geymsluhús austast en baðstofa, hlaðin úr höggnu grjóti, vestast. Fjós var þar vestan í móti, og hesthús, en heyhlaða, ærhús og fleiri byggingar að bæjarbaki. Suður af eystri hluta bæjarhúsanna stóð tveggja hæða timburhús og fleiri hús áföst, austan við það, en stórt geymsluhús aðeins sunnar. Stór kálgarður var sunnan við bæinn og brunnur á hlaðinu, milli kálgarðsins og áðurnefnds timburhúss“.¹¹

Jörðin var í eigu kirkjunnar til loka 18. aldar, þá bjuggu í bænum sjö manns og níu manns í hjáleigum.¹²

Eftir það var jörðin í eigu bænda. Árið 1800 gerðist Magnús Beinteinsson bóndinn í Þorlákshöfn og árið 1820 endurnýjaði hann mikið af gömlu bæjarhúsunum, þessi bær stóð óbreyttur til ársins 1860 þegar hann var minnkaður.¹³ Árið 1880 var allt bæjarstæðið endurnýjað af Jóni Árnasyni.¹⁴ Húsinu er lýst í skýrslu sem skrifuð var 1907, þar segir að útveggir eða hliðarveggir bæjarins hafi verið höggðir úr steini. Aðalbæjarhúsin voru tvö og sneru fram á hlaðið. Vestara húsið var baðstofa, lengd að utanmáli 13,5 metrar. Baðstofunni var skipt í þrjá hluta, suðurhús, miðhús og norðurhús. Þakið var úr bárujárni, því fyrsta sem lagt var á hús í Árnassýslu. Árið 1885 var svo hitt húsið byggt, það var 6,6 metrar að lengd, í því var eldhús, geymsla og gestastofa.¹⁵



Kort 4. Túnakort Þorlákshafnar frá 1917

¹⁰ Árnassýsla: Sýslu- og sóknarlýsingar, 1979, bls. 200-201

¹¹ Örnefnaskrá Þorlákshöfn, bls. 1

¹² Manntal á Íslandi 1801: Suðuramt, bls. 312-313

¹³ Skúli Helgason (I), 1988, bls. 208

¹⁴ Skúli Helgason (I), 1988, bls. 268

¹⁵ Skúli Helgason (I), 1988, bls. 269

Árið 1934 eignaðist Kaupfélag Árneseinga jörðina.¹⁶ Húsin stóðu til ársins 1962 þegar þau voru rifin.¹⁷ Í dag er búið að setja upp upplýsingaskilti þar sem bærin stóð, hann stóð þar sem nú er Hafnarskeið 6 og 8. Enn eru hægt að sjá litlar leifar af yngstu húsunum, þær eru úr steypu.



Kort 5. Flestar minjar í og við Þorlákshafnarbæinn eru horfnar vegna framkvæmda. Góðar heimildir eru þó til sem hjálpa við að áætla staðsetningu minjanna.

Kirkja og kirkjugarður [33]

Við bæinn stóð kirkja, Árni og Páll segja frá henni í jarðabók sinni: „Hér er hálfkirkja að fornu og nýju, og tíðir veittar jafnan, þá heimamenn eru til altaris. Presturinn í Arnarbæli þjónustar þessa hálfkirkju og fyrir nauðsyn verfélks, sem hingað sækir, veitir presturinn hér tíðir hvern miðvikudag um föstutímann“.¹⁸

Skúli Helgason veltir fyrir sér hvar kirkjan hefur staðið, hann ritar í bók sinni: „Kirkjan stóð stuttan spöl norðvestur frá gamla bænum, þar sem hann hefur sjálfsagt staðið öldum saman, allt til að sá síðasti var rifinn til grunna árið 1962. Við kirkjuna hefur verið grafreitir og garður hlaðinn í kringum hann. Kemur það fram í heimild frá 1673, að garður sé umhverfis kirkjuna. Mætti því ætla, að þá hafi verið

¹⁶ Björn Pálsson 2015

¹⁷ Skúli Helgason (I), 1988, bls. 269-270

¹⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Víðalin, annað bindi, bls. 432-433

þar öðru hverju grafið í honum. Þegar kirkjan var fallin og menn hafa séð fram á, að hún yrði ekki endurbyggð, var upp úr tóft hennar reist sjóbúð, er var ávallt síðan kölluð kirkjubúðin. Vísuðu dyr hennar, sem voru til vesturs, á Geitafell. Kirkjubúðinni var haldið við og notuð af sjómönnum í meira en heila öld, allt fram til seinustu aldamót. Þá var hún rifin og jöfnuð við jörðu“.¹⁹

Á miðri 20. öldinni voru miklar framkvæmdir á svæðinu og komu þá oft í ljós mannabein, seinast árið 1962 þegar hafnarframkvæmdir hófust. Ekkert sést til kirkjunnar eða kirkjugarðsins í dag.

Verslun

Verslunarhús [70] var reist á staðnum sumarið 1885. Það stóð stuttan spöl fram undan bæjarhúsunum og var stutt til sjávar. Áður en húsið var byggt var á þessum stað ein af verbúðum Skálholts en hún var rifin þegar húsið var byggt. Húsið var 12,5 m að lengd og 7,5 breitt. Í því var kjallari, ein hæð og ris. Kjallarinn var hlaðinn höggnu grjóti sem var lagt í sement. Aðalhæðin var há. Gengið var inn í húsið á vesturhlið þess. Á aðalhæðinni voru fjögur rými, búðin sjálf, lager og tvö herbergi. Uppi á risinu var svo kornvörugeymsla og vingeymsla. Húsið var rífið ásamt bænum árið 1962 og sést ekkert til þess í dag.

Einnig var vöruskemmi [36] á staðnum, í Sögu Þorlákshafnar segir: „*Frá Þorlákshöfn eru engar heimildir, svo kunnugt sé um vöruhús fyrr en langt fram á 18. öld. Árið 1774 er getið um vöruskemmu í Þorlákshöfn*“ og er þar verið að vitna í skjal í Þjóðskjalasafninu.²⁰ Engar leifar eru af skemmuni.

Hjáleigur – Tómhús

Alls voru sjö hjáleigur á svæðinu árið 1708; Sigurðarhús [60], Þorkellshús [61], Gíslahús [62], Einarshús [63], Hóll [64] Gjáhus [65] og Helgahús [66].²¹ Þær voru allar komnar í eyði árið 1820. Það var að undirlagi Magnúsar Beinteinssonar hreppstjóra að svo fór, líklega hefur hann talið það væri ekki í bóndanum í hag að skepnur hjáleigubændanna kepptust um graslendi við skepnur bóndans á Þorlákshöfn. Ekki er ljóst hvar þessar hjáleigur stóðu, þó má gera sér í hugarlund að Hóll hafi staðið á Þorlákshóli.

60 árum seinna, ákvað Jón Árnason bóndi í Þorlákshöfn að leyfa fólki að endurbyggja hjáleigukotin. En nú með öðrum skilmálum en áður. Fólk mátti nú ekki vera með neinar skepnur og voru því þurrabúðamenn. Þeir fengu mjólk hjá Jóni en þurftu að hafa sauðkindur annarsstaðar. Fólk stundaði daglaunavinnu við uppskipun, vegavinnu, sláttur o.fl. Þessi býli voru mest fjögur og stóðu þau frá 1880-1900, eitt þó til 1920.²²


¹⁹ Skúli Helgason (I), 1988, bls. 100-101

²⁰ Skúli Helgason (II), 1988, bls. 494

²¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, annað bindi, bls. 436-438

²² SKúli Helgason (I), 1988, bls. 394-395

Þessi býli voru nefnd eftir fólkinu sem bjó í þeim. Fyrst ber að nefna Helgubæ [21], sem einnig var nefnt Magnúsarkot eða bara Kotið. Þar bjuggu Helga Jónsdóttir og Magnús Símonarson. Magnús og Helga, fluttu úr bænum árið 1913 og keypti Gísli Jónson bæinn og reif hann, í staðinn byggði hann timburhús. Árið 1920 flutti Gísli til Eyrarbakka og tók húsið með sér. Húsið var svo flutt seinna á Selfoss þar sem það stóð þar til það var rífið árið 1970.²³ Ekkert er þar sem húsið var í dag nema upplýsingaskilti, en það sést enn til matjurtagarðs [31] sem var við húsið.



Kort 6. Uppmæling Sigðubæjar [16] og Ingileifarbæjar [18]

Rétt norðvestan við Helgubæ var Erlendarkot [37]. Þar bjuggu mæðginin Katrín Hróbjartsdóttir og Erlendur Þórðarson frá 1894-1901.²⁴ Ekkert sést til bæjarins í dag, en eins og með Helgukot eru enn sýnilegar leifar af matjurtagarði [22] kotsins.



Mynd 1. Tóftir Sigðubæjar [16]

Sýnilegustu leifarnar eru af Sigðubæ [16], einnig nefndur Sigríðarbær, Guðmundarbær og Ólafarbær. Þar bjuggu Ólöf Þorkelsdóttir og Sigfinnur Árnason og seinna Sigríður Einarsdóttir og Guðmundur Guðmundsson²⁵, þau fluttu þaðan árið 1900 og lagðist bærinn þá í eyði.²⁶ Tóftir býlisins eru í vesturenda á löngum hól á Kaldaðarnestúni, þær liggja í S/V-N/A. Sjáanleg eru þrjú rými á hólnum, eitt í S/V enda og tvö í N/A enda. Inngangur hefur verið í suðurhlið bæjarins, sá má móta fyrir mögulegum tröðum

[29]. Túngarður [17] liggur frá tóftinni til N/V. Líklega var kálgarður sunnan við hólinn, en garðlag virðist gefa það til kynna.

Í austurenda sama hóls eru rústir Ingileifarbæjar, þar bjuggu Ingileif Símonardóttir og Einar Guðmundsson til ársins 1903.²⁷ Rústirnar eru ekki mjög greinilegar, þó eru tveir veggir sýnilegir og liggja þeir báðir í boga frá því sem virðist vera inngangur í N/A enda.

²³ Skúli Helgason (I), 1988, bls. 400-401

²⁴ Skúli Helgason (I), 1988, bls. 398-399

²⁵ Örnefnaskrá – Þorlákshöfn, bls. 5

²⁶ Skúli Helgason (I), 1988, bls. 398

²⁷ Skúli Helgason (I), 1988, bls. 401



Kort 7. Enn sjást leifar af öllum fjórum tómhúsunum sem voru á jörðinni um aldamótin 1900. Við Erlendarkot [37] eru enn leifar af matjurtagarði [22]. Það sama má segja um Helgubæ [20] þar má enn sjá móta fyrir matjurtagarði. Siggubær [16] er hvað heillegastur og enn eru uppistandandi veggir í Ingileifarbæ [18].

Útihús - skepnuhús

Öll útihús er teiknuð eru á túnakortið frá 1908 [50] [51] [52] [53] [54] og [55] virðast vera horfin af yfirborðinu. Þó eru leifar tveggja húsa sem geta verið útihús [19] og [20] á túninu. Leifar stekkjara [25] enn sýnilegar á yfirborði og sem og leifar niðurgrafins mannvirkis [26] þar við hliðina.



Mynd 2. Réttarstekkur [25].

Túngarðar

Skráðir voru þrjú túngarðar, allir á Kaldaðarnestúni. Mögulega er garður [17] sá sem er merktur á túnakortið frá 1917 en aðeins er sýnilegur hluti upprunalega garðsins. Tveir aðrir garðar [15] og [30] liggja samhliða. Þeir eru nokkuð breiðir en það er líklega vegna sandfoks. Í miðjum garði [30] er tóft [19], líklega útihús.



Mynd 3. Túngarður [17]

Vatnsból

Vitað er um þrjá brunna sem hafa verið á svæðinu. Einn [56] stóð á milli kálgarðs og Þorlákshafnarbæjarins. Annar var við fjósið og hét Fjósabrunnur [58].²⁸ Báðir þessir brunnar eru nú horfnir en einn brunnur [10] er enn sýnilegur. Hann var grafinn upp árið 1999 og er sýnilegur í dag.²⁹ Brunnurinn er hringlaga, um 3 m djúpur, hlaðinn úr grjóti. Búið er að koma fyrir járngrind fyrir opið. Í tengslum við að brunnurinn var grafinn upp, var gerður göngustígur [11] að brunninum í tvær áttir úr samskonar grjóti og er í brunninum.



Mynd 4. Brunnur [10]

Matjurtagarðar

Leifar matjurtagarða er enn hægt að sjá við tvö tómothúsin. Við Erlendarkot eru leifar af garði [22]. Garðlagið liggur í „L“, garðurinn hefur verið stærri en er skorinn vegna vegagerðar. Einnig eru sýnilegar leifar af matjurtagarði [31] Helgubæjar, sá er ferhyrntur og hlaðinn úr grjóti. Hann er merktur inn á túnakortið frá 1917. Þar er einnig merktur inn matjurtagarður [57] Þorlákshafnarbæjarins, hann er með öllu horfinn í dag. Einnig voru skráðar leifar af matjurtagarði [24] talsvert fyrir sunnan túnin, sá er líklega ungur. Sjö ungir matjurtagarðar hafa verið skráðir áður³⁰ og er ekki fjallað um þá sérstaklega hér.



Mynd 5. Leifar af matjurtagarði [22]

²⁸ Örnefnaskrá Þorlákshöfn, bls. 1; Skúli Helgason (I), 1988, bls 128-129

²⁹ Gamall brunnur orðinn aftur sýnilegur, 2009

³⁰ Gylfi Helgason (I), 2019

Sjósókn

Þrjár varir voru skráðar, Suðurvör [66] og Norðurvör [67] sem voru aðal varirnar og svo Þorláksvör [68] sem var minna notuð. Upp af vörunum voru svo flórar, Norðurvarnarflór [11] og Suðurvarnarflór [76]. Það voru svæði sem voru lögð sléttum flötum steinum fyrir skipin til að standa á.

Margar sjóbúðir voru í Þorlákshöfn, árið 1916 voru 18 sjóbúðir [59] við Suðurvör. Við sjóbúðirnar var salthús og fiskhús Einarhafnarverzlunar. Tvær af þessum sjóbúðum fá í þessari skráningu sérstakt númer, Hjallbúðir [49] og Hraunbúðir [12] þar sem þeirra er sérstaklega getið í heimildum og enn sést til Hraunbúða. Hraunbúðir eru tvöfaldar, þær heita svo þar sem formaður þeirra var frá Hrauni. Fast upp við búðirnar var smiðja [13], en smiðjur var farið að reisa við sjóbúðir upp úr 1860 í Þorlákshöfn, helsta ástæðan var aukin kaffidrykkja sjómanna, en smiðjurnar voru aðallega reistar til þess að hita kaffið, en eldstæði vantaði til þess að hita það og því voru smiðjurnar reistar upp við sjóbúðirnar³¹. Einnig var beitukofi [14] upp við búðirnar. Rústin er staðsett innan um jarðveg sem ætlaður er til iðnaðar sem geymdur er þarna á vegum jarðiðnaðarfyrirtækis. Jarðefnin eru alveg upp við rústina.



Mynd 6. Sjóbúð og smiðja í Þorlákshöfn. Mögulega er myndin af Hraunbúðum [12] og smiðju [13] (Ljósmyndasafn Íslands, nr. Lpr/2007-78).



Mynd 7. Hraunbúðir [12] ásamt smiðju [13] og beitukofa [14]. Eins og sjá má er iðnaðarstarfsemi ansi nálægt tóftinni.

12 sjóbúðir [55] voru við Norðurvör. Í miðri húsaþyrpingunni var salthús og við suðaustur enda hennar var lifrabræðsluhús. Ekkert sést til þeirra í dag.

³¹ Skúli Helgason (II), 1988, bls. 62

Minjar um þurrkun fisks eru sjáanlegar. Herslugarðar eru á stóru svæði á Hafranesi. Herslugarðarnir eru annars vegar á um 100x30 metra svæði [27] og á um 28x22 m stóru svæði [28]. Fiskurinn var breiddur á grjótgarðana, garðarnir voru á sínum tíma lágir, um 40 sm á hæð og oftast tvíhlaðnir. Þegar rigndi var breitt yfir garðana, þegar hætt var að nota garðana var grjótið tekið úr þeim og það notað í önnur mannvirki. Einnig eru mögulegar leifar af hersluburgjum [32] og [39].

Vörður voru ásamt öðrum kennimerkjum notaðar sem mið, þar á meðal var Hafnarvarða [23] og Langbásavarða [40] sem stóðu nálægt sjó.



Kort 8. Fornleifar á Hafranesi.

Samgönguminjar

Vitað er um fimm leiðir til og frá Þorlákshöfn. Selvogsgata [73] lá eins og nafnið gefur til kynna frá Selvogi og að Þorlákshöfn. Við hana voru skráðar þrettán vörður; [1] [3] [4] [8] [9] [41] [105] [106] [107] [108] [109] [110] og [111]. Leiðin er vörðuð alla leið til Selvogs og var kölluð Hafnargata af fólkinu þar.³²



Mynd 8. Hlíðarendavarða [38]

Lýngheiðarvegur [75] lá frá Þorlákshöfn upp á Selvogheiði, við hana voru a.m.k. sjö vörður, [78] [79] [80] [81] [82] [83] og [84].

Gata [71] lá frá Þorlákshöfn og að Hlíðarenda, vörður voru á þeirri leið, þar á meðal Hlíðarendavarða [38] auk a.m.k. fjögurra annara [77] [93] [94] og [95].


Hafnargata lá frá Breiðabólstað og að Þorlákshöfn, ein varða [124] tengist líklega leiðinni.

Gata [74] að Hrauni lá frá Skeiðisvörðu [48] og að Hrauni, auk Skeiðisvörðu voru fimm aðrar vörður [45] [46] [47] [99] og [100] skráðar við leiðina. Aðeins sá hluti þessara leiða var sköðaður þar sem leiðirnar náðu út fyrir skráningarsvæðið.



Kort 9. Selvogsgata fyrir miðri mynd.

³² Ragnheiður Gló Gylfadóttir et al., 2015, bls. 109-110



Kort 10. Götur til og frá Þorlákshöfn.

Nokkuð var um vörður sem ekki var hægt að tengja við neina þekkta leið, Vörður [114] [115] [116] [117] [119] [120] [121] [122] tengjast til að mynda líkleg allar sömu leiðinni, mögulega eru þetta ung leið.

Landamerki

Landamerkjagarður [112] er á milli landa Þorlákshafnar og Selvogs, um er að ræða einfalda steinaröð, einnig eru þetta Hreppsmörk á milli Ölfushrepps og Selvogshrepps. Á mörkum Þorlákshafnar og Selvogs voru einnig vörður sem kölluðust Þrívörður [125] en þær eru horfnar. Á norðurenda skráningarsvæðisins eru svo aðrar Þrívörður [94] sem mörkuðu skil milli Hlíðarenda og Litlalands. Austast á skráningarsvæðinu er svo varða [98] sem líklega er landamerki.



Mynd 9. Landamerkjagarður [112] á milli Selvogs og Þorlákshafnar.

Aðrar minjar

Við Selvogsveg eru tvö garðlög [5] og [6] með óþekkt hlutverk, mögulega gerði, eða matjutagarðar. Þar rétt hjá er svo niðurgrafið mannvirki [7] sem einnig er með óþekkt hlutverk. Mögulegt er að þetta séu ung mannvirki.

Á Þorlákshól eru sýnilegar óþekktar minjar [34] og líklegt er að á hólnum séu fleiri minjar undir sverði. Á hólnum voru a.m.k. eitt útihús [51] og hestagröf [69], en mögulegt er að þar hafa fleiri hús verið, jafnvel bæjarhúsin á einhverju tímamarki.

Tóft [43] og garðlag [44] við Smalavörðu [42] hafa óþekkt hlutverk, en örnefni vörðunar gefur til kynna að mögulega er þetta smalakofi og aðhald.

Fornleifar sem skráðar hafa verið áður.

Eins og fram hefur komið er var mikið af þeim fornleifum sem eru til umfjöllunar skráðar árið 1999³³ en þær skráðar aftur nú, þær fornleifar sem skráðar voru árið 2019 eru ekki í fornleifaskránni hér að

³³ Hildur Gestsdóttir, 1999

aftan. Um er að ræða matjurtagarða (ÁR-548: 106, ÁR-548: 107, ÁR-548: 108, ÁR-548: 110, ÁR-548: 111, ÁR-548: 115, ÁR-548: 116), götur (ÁR-548: 113, ÁR-720-021) og þúst (ÁR-548: 109). Upplýsingar um þessar fornleifar má finna í skýrslunni Þorlákshöfn: Fornleifaúttekt á tveimur svæðum innan þéttbýlis eftir Gylfa Helgason³⁴ og á kortasjá Minjastofnunar Íslands.³⁵ Fjórar landamerkjavörður eru á n/a enda skráningarsvæðisins, þær voru ekki skráðar nú, en þær eru skráðar í skýrslunni: Aðalskráning fornleifa í Ölfusi: Áfangaskýrsla II.³⁶

Niðurstöður

Þéttleiki minjanna er mestur næst bænum og hjáleigunum og þeim fækkar eftir því sem fjær er farið frá heimatúninu. Ljóst er þó að flestallar fornleifar sem voru við Þorlákshafnarbæinn eru horfnar vegna framkvæmda. Þar á meðal bærinn sjálfur sem líklega hefur staðið á sama stað eða þar í kring frá því hann var fyrst byggður. Meðal þeirra minja sem horfnar eru má telja upp, auk bæjarins; verslunarhús, brunna, útihús, hjáleigur og matjurtagarða. Auk þess eru allar nema ein sjóbúð horfnar, aðeins eru eftir tóftir Hraunbúða. Þær eru mikilvæg heimild um aðalatvinnuveg Þorlákshafnarbúa seinustu alda. Staðsetning jarðefnafyrirtækis alveg upp við rústirnar er ekki ákjósanlegar og gætu minjarnar verið í stórhættu vegna þess.

Þess skal þó geta, að þar sem þessar minjar voru, er möguleiki að leifar þeirra sé að finna í jörðu þó svo að þær sjáist ekki á yfirborði.

Heillegustu minjarnar eru á Kaldaðarnestúni, sem hefur til þessa verið laus við framkvæmdir í seinni tíð. Þar erum m.a. minjar af býlum, túngörðum, útihúsum og brunni. Auk þess er allt túnið frekar hólótt og er líklegt að fleiri minjar séu þar að finna.

Stærsti minjaflokkurinn í þessari skráningu eru vörður. Sumar þeirra bera þess merki að þær séu líklega ungar. Aðrar eru mikilvæg heimild um samgöngur fyrr á tímum. Þær eru einu minjarnar um leiðir og götur þar sem göturnar sjálfar eru ekki sjáanlegar.

Mikilvægt er að gerðar séu ráðstafanir til að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir frekara tjóni vegna framkvæmda eða ábúðar. Ekki er hægt að fullyrða að allar fornleifar á svæðinu hafi verið skráðar, þar sem ekki sjást allar minjar á yfirborðinu. Ef fornleifar finnast við framkvæmdir þarf að stöðva framkvæmdir og tilkynna fornleifarnar til Minjastofnunar Íslands (Lög um menningarminjar 38. gr). Minjastofnun metur svo framhaldið. Svæðið í kringum fornleifarnar á ekki að nota sem geymslu fyrir vinnuvélar eða annað sem tengist framkvæmdunum nema að Minjastofnum gefi fyrir því leyfi.

³⁴ Gylfi Helgason (I), 2019

³⁵ Minjastofnun Íslands -Kortasjá

³⁶ Ragnheiður Gló Gylfadóttir et al. (2017)

Fornleifaskrá
Skráningarnúmer

-2675-

Númer: 1

Sýsla: Árnessýsla

Sveitafélag: Ölfus

Landareign: Þorlákshöfn

Skrásetjari: Hermann Jakob Hjartarson

Dagsetning: 27/4/21

GPS: 63,846645 -21,472698

Sérheiti:

Tegund: Varða

Hlutverk: Leið

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1750-1950

Friðlýst: nei

Lengd: 1,6 m

Breidd: 1,6 m

Vegghæð: 0,8 m

Breidd veggja: 1,6 m

Umhverfi/staðhættir:

Alveg upp við malarveg sem liggur miðja veginni milli Suðurstrandarveggar og sjávar.

Lýsing:

Varða úr hraungrýti. Líklega fylgir varðan Selvogsgötu [73], þó er varðan ungleg og mögulegt er að hún hafi verið gerð nýlega.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 2
Sýsla: Árnessýsla
Sveitafélag: Ölfus
Landareign: Þorlákshöfn
Skrásetjari: Hermann Jakob Hjartarson
Dagsetning: 7/5/21
GPS:
Sérheiti: Hooll (Hóll)
Tegund: Heimild
Hlutverk: Hjáleiga
Fjöldi: 1
Hættumat: Hætta
Hættuorsök: Ábúð
Tímabundið hættumat:
Tímabundin hættuorsök:
Ástand: Horfin
Aldur: 1500-1820
Friðlýst: nei
Lengd:
Breidd:
Vegghæð:
Breidd veggja:

Umhverfi/staðhættir:

Lýsing:

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1708 segir:

„Hooll, fimmta hjáleiga, tómthús og fylgir ekkert gras í skyldu nafni sjálfri jörðinni, en þetta ár hefur húsmaðurinn allan fjórðung heimajarðarinnar til slægna sem áður segir um heimajörðina. Húsmaðurinn Jón Helgason. Húsleiga xxv árir. Betalast í fiski ut supra. Kvöð skipsárðóður ut supra. Kvíkfé ii kýr, i kvíga a' fyrsta kálfi, i veturgömul, i naut tvævett, xxii ær, vi sauðir tvævetrir og eldri, vi veturgamlir, ii hestar, i hross, i foli, tvævetur, i veturgamall. Þetta kvíkfé fóðrast á tilkeyptum heyjum það sem ekki til hrökkur áður talin grasnyt fjórðungi heimajarðarinnar. En sauðfé gengur og hefur gengið sumar og vetur í heimalandi, það sem ekki er á sumur til afréttar rekið, og eykur það áður talda hússleigu ut supra. Eldiviðartak hefur húsmaður fri á fjörunni ut supra“.

Ekki er vitað hvar hjáleigan stóð, en út frá nafninu á hjáleigunni má ætla að það hafi verið á Þorlákshóli. Einnig er mögulegt að hjáleigan hafi verið þar sem Helgubær [21], Erlendarkot [37], Ingileifarbær [18] eða Siggubær [16] stóðu síðar.

Heimildir:

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín: Árnessýsla, annað bindi (1918-1921) bls. 437-438

Númer: 3

Sýsla: Árnessýsla

Sveitafélag: Ölfus

Landareign: Þorlákshöfn

Skrásetjari: Hermann Jakob Hjartarson

Dagsetning: 27/4/21

GPS: 63,850148 -21,444764

Sérheiti:

Tegund: Varða

Hlutverk: Leið

Fjöldi: 1

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Tímabundið hættumat: Engin hætta

Tímabundin hættuorsök:

Ástand: Vel greinanleg

Aldur: 1750-1950

Friðlýst: nei

Lengd: 1,4 m

Breidd: 1,4 m

Vegghæð: 0,8 m

Breidd veggja: 1,4 m

Umhverfi/staðhættir:

Alveg upp við malarveg sem liggur miðja veginni milli Suðurstrandarvegjar og sjávar. Rétt við hana er nýlegt plan og steinn til að binda hesta við. Varðan er í um 100 metra fjarlægð frá vörðu [4].

Lýsing:

Varða úr hraungrýti. Líklega fylgir varðan Selvogsgötu [73], þó er varðan ungleg og mögulegt er að hún hafi verið gerð nýlega.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 4
Sýsla: Árnessýsla
Sveitafélag: Ölfus
Landareign: Þorlákshöfn
Skrásetjari: Hermann Jakob Hjartarson
Dagsetning: 27/4/21
GPS: 63,850261 -21,442614
Sérheiti:
Tegund: Varða
Hlutverk: Leið
Fjöldi: 1
Hættumat: Engin hætta
Hættuorsök:
Tímabundið hættumat: Engin hætta
Tímabundin hættuorsök:
Ástand: Vel greinanleg
Aldur: 1800-1950
Friðlýst: nei
Lengd: 1,2 m
Breidd: 1,4 m
Vegghæð: 1,4 m
Breidd veggja: 1,4 m

Umhverfi/staðhættir:

Um tíu metra norður af malarvegi sem liggur miðja vegu milli Suðurstrandarvegur og sjávar og í um 13 m fjarlægð norður af rúst [5]. Rétt hjá er rafmagnslína. Varðan er í um 100 metra fjarlægð austur af vörðu [3] og í um 193 m fjarlægð vestur frá vörðu [8].

Lýsing:

Varða úr hraungrýti. Líklega fylgir varðan Selvogsgötu [73], þó er varðan ungleg og mögulegt er að hún hafi verið gerð nýlega.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 5
Sýsla: Árnessýsla
Sveitafélag: Ölfus
Landareign: Þorlákshöfn
Skrásetjari: Hermann Jakob Hjartarson
Dagsetning: 27/4/21
GPS: 63,850035 -21,442843
Sérheiti:
Tegund: Garður
Hlutverk: Óþekkt
Fjöldi: 1
Hættumat: Engin hætta
Hættuorsök:
Tímabundið hættumat: Engin hætta
Tímabundin hættuorsök:
Ástand: Vel greinanleg
Aldur: 1900-2000
Friðlýst: nei
Lengd: 32 m
Breidd: 30 m
Vegg hæð: 0,2-1,2 m
Breidd veggja: 1,2

Umhverfi/staðhættir:


Við malarveg, rétt suður af vörðu [4] og 42 m vestur af öðrum svipuðum garði [6].

Lýsing:

Garðlag, úr torfi eða uppmokstri. Op í suð-austurenda rústarinnar. Hlutverk þess er óþekkt, gæti verið aðhald fyrir hross eða kálgarður. Þetta eru sennilega ekki gamlar minjar.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 6
Sýsla: Árnessýsla
Sveitafélag: Ölfus
Landareign: Þorlákshöfn
Skrásetjari: Hermann Jakob Hjartarson
Dagsetning: 27/4/21
GPS: 63,849928 -21,441247
Sérheiti:
Tegund: Garður
Hlutverk: Óþekkt
Fjöldi: 1
Hættumat: Engin hætta
Hættuorsök:
Tímabundið hættumat: Engin hætta
Tímabundin hættuorsök:
Ástand: Vel greinanleg
Aldur: 1900-2000
Friðlýst: nei
Lengd: 37 m
Breidd: 23 m
Vegghæð: 0,2-1,4 m
Breidd veggja: 1,2 m

Umhverfi/staðhættir:


Við malarveg, rétt hjá vörðu [4] og 42 m austur af öðrum svipuðum garði [5].

Lýsing:

Garðlag, úr torfi eða uppmokstri. Tveir veggir, norður og austur. Hlutverk þess er óþekkt, gæti verið aðhald fyrir hross eða kálgarður. Þetta eru sennilega ekki gamlar minjar.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 7
Sýsla: Árnessýsla
Sveitafélag: Ölfus
Landareign: Þorlákshöfn
Skrásetjari: Hermann Jakob Hjartarson
Dagsetning: 27/4/21
GPS: 63,849712 -21,439918
Sérheiti:
Tegund: Niðurgröftur
Hlutverk: Óþekkt
Fjöldi: 2
Hættumat: Engin hætta
Hættuorsök:
Tímabundið hættumat: Engin hætta
Tímabundin hættuorsök:
Ástand: Vel greinanleg
Aldur: 1900-2000
Friðlýst: nei
Lengd: 24 m
Breidd: 17 m
Vegghæð: 1,5-2 m
Breidd veggja: 1,5- 3 m

Umhverfi/staðhættir:

Sunnan við malarveg, rétt austur af minjum [5] og [6].

Lýsing:

Niðurgrafið mannvirki með veggjum í kring. Op er í norður. Einnig er garðlag áfast rústinni. Þegar komið var á staðinn var búið að reisa girðingu í kringum rústina. Hlutverk minjanna er skýrsluhöfundum óþekkt en mögulega er um einhverskonar geymslu að ræða. Líklegt er að um sé að ræða frekar ungar minjar.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 8
Sýsla: Árnessýsla
Sveitafélag: Ölfus
Landareign: Þorlákshöfn
Skrásetjari: Hermann Jakob Hjartarson
Dagsetning: 27/4/21
GPS: 63,850390 -21,438595
Sérheiti:
Tegund: Varða
Hlutverk: Leið
Fjöldi: 1
Hættumat: Engin hætta
Hættuorsök:
Tímabundið hættumat: Engin hætta
Tímabundin hættuorsök:
Ástand: Vel greinanleg
Aldur: 1800-1950
Friðlýst: nei
Lengd: 1,5 m
Breidd: 1,5 m
Vegghæð: 1,5 m
Breidd veggja: 1,5 m

Umhverfi/staðhættir:

Varðan stendur ofan á hraunklökk. Hún er í um 70 metra vestur af vörðu [9] og um 193 metra austur af vörðu [4]. Um 44 metra norður af malarvegi sem liggur miðja veginni milli Suðurstrandarvegur og sjávar. Rétt hjá er rafmagnslína.

Lýsing:

Varða úr hraungrýti. Líklega fylgir varðan Selvogsgötu [73], þó er varðan ungleg og mögulegt er að hún hafi verið gerð nýlega.

Heimildir:

Ljósmyndir/teikningar:



Númer: 9
Sýsla: Árnessýsla
Sveitafélag: Ölfus
Landareign: Þorlákshöfn
Skrásetjari: Hermann Jakob Hjartarson
Dagsetning: 27/4/21
GPS: 63,850404 -21,437512
Sérheiti:
Tegund: Varða
Hlutverk: Leið
Fjöldi: 1
Hættumat: Engin hætta
Hættuorsök:
Tímabundið hættumat: Engin hætta
Tímabundin hættuorsök:
Ástand: Vel greinanleg
Aldur: 1800-1950
Friðlýst: nei
Lengd: 1,5 m
Breidd: 1,5 m
Vegghæð: 1,5 m
Breidd veggja: 1,5 m

Umhverfi/staðhættir:

